




NIÐURSTÖÐUR VEGNA SÝNATÖKU

Kvistaborg

07.09.2021



Böðvar Bjarnason
Kvistaborg
Kvistalandi 26
108 Reykjavík

Reykjavík, 7.9.2021

Efni

Verkbeiðni til að greina myglusveppi í sýnum sem eru tekin af Böðvari Bjarnasyni, EFLU.

Sýnatökustaður og dagsetning

Leikskólinn Kvistaborg, 31.08.21 og 02.09.21

Útskýringar



Enginn mygluvöxtur fannst við skoðun sýnis



Ummerki um myglu- /bakteríuvöxt fundust í sýni eins og gró, mítlaskítur o.fl.



Mygla/bakteríur fundust í vexti í sýni

TAFLA 1 Sýnataka og verkbeiðni: S = skoða vel | L = lausleg greining | G = geyma

SÝNI	STAÐSETNING	LÝSING	RAKI	GREINING	NIÐURSTAÐA	LITAKÓÐI
1	Salur, útveggur á gafl.	Útveggur, steypa.		S	Ekki ummerki um myglu í sýninu.	
2	Salur, útveggur, langveggur	Útveggur, steypa og múr.		S	Ekki ummerki um myglu í sýninu.	
3	Geymsla, útveggur.	Útveggur, steypa og múr.		S	Ekki ummerki um myglu í sýninu.	

Lýsing og verkbeiðni:

Skoða hvort mygla vaxi í byggingarefnunum.

Almennar tillögur til úrbóta

Bent er á bækling Umhverfisstofnunar: [2015 Inniloft, raki og mygla í hóbýlum; Leiðbeiningar fyrir almenning](#)

Ávallt er mælt með að fjarlægja eða skipta út rakaskemmdu byggingarefni en það er ekki endilega háð því að mygla greinist í sýni.

Við framkvæmdir þarf að fylgja ströngum verkferlum. Afmarka vinnusvæði eða vinnurými með plasti frá öðrum svæðum í byggingu. Innbú og húsmuni þarf einnig að fjarlægja úr vinnurými fyrir niðurrif og framkvæmdir. Nauðsynlegt er að vera með útblástur frá vinnusvæði og tryggja undirþrýsting þannig að agnir berist ekki inn í önnur íverurými við framkvæmdir.

Takmarka skal krossmengun á milli svæða eða rýma eins og unnt er. Velja hæfilegan hlífðarbúnað hverju sinni, grímu, hanska og hlífðarfatnað.

Fyrsta skrefið er að greina upptök raka, stöðva leka eða koma í veg fyrir rakabéttingu, því næst fjarlægja öll rakaskemmd byggingarefni. Til þess að gæta öryggis er mælt með að fjarlægja umfram sjáanlega skemmt svæði. Byggingarefni sem er endurnýtt, þ.e. hlutir sem eru ekki rakaskemmdir en hafa komist í snertingu við rakaskemmdir, myglu eða loft þar sem er mygla í vexti er nauðsynlegt að hreinsa vel þannig að gró, svepphlutar, bakteríur og afleiðuefni verði fjarlægð eins og mögulegt er.

[KVEÐJA]

Svarar Örn Guðmundsson